

**Ed.**

**200. Breytingartillögur**

**[33. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1957.

Frá Sigurvin Einarsyni, Kjartani J. Jóhannssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Á undan 1. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal“ í B. 75 komi: nálægt Bakka um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. Á eftir B. 76 komi nýr liður:  
*Borgarvegur:* Af Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum um Hafrafell að Borg.
3. B. 77 orðist svo:  
*Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes og Djúpadal, um Grónes og Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
4. Á eftir B. 82 komi nýr liður:  
*Trékyllisheiðarvegur:* Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.
5. Á eftir B. 88 komi nýr liður:  
*Grunnavíkurvegur:* Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
6. Á eftir B. 106 komi nýr liður:  
*Hokinsdalsvegur:* Af Arnarfjarðarvegi nálægt Dynjanda um Mosdal hjá Laugabóli til Hokinsdals.
7. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Stapadals.
8. Á eftir B. 111 komi nýr liður:  
*Botnsvegur:* Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.
9. B. 116 orðist svo:  
*Órlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri, um Sauðlauksdal, Órlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
10. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Órlygshafnarveg við Geitagil.
11. Á eftir B. 117 komi nýr liður:  
*Siglunesvegur:* Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Heggstaði að Siglunesi.